

Ed.

676. Frumvarp

til laga um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu, til 5 ára í senn, tvo menn, er hafa skulu eftirlit með og halda skrá yfir þá sjóði í landinu, sem stofnaðir eru og hafa hlotið staðfestingu konungs á skipulagsskrá sinni. Afrit af skránni skulu þeir leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi.

2. gr.

Stjórn þessara sjóða skal senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum, áður en missiri er liðið frá lokum reikningsárs sjóðs hvers, reikning sjóðsins fyrir siðastliðið reikningsár. Geta eftirlitsmenn þó krafizt fyllri skýrslna um allan hag sjóðanna, og er sjóðstjórnnum skylt að svara fyrirspurnum þeirra — annars eða beggja — um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra, eftir því sem föng eru á, áður en mánuður er liðinn frá því er þeim barst slík fyrirspurn, enda hvíli ekki sérstök þagnarskylda á þeim.

3. gr.

Nú þykir eftirlitsmönnum athugavert um fjárgæzlu sjóðs eða brotin skipulagsskrá hans, og ber þeim þá að tilkynna það fjármálaráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera.

4. gr.

Nú sendir sjóðstjórn ekki reikning eins og fyrir er mælt í 2. gr. og svarar ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur fjármálaráðherra þá, eftir ósk hinna þingkosnu eftirlitsmanna, skyldað sjóðstjórn, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, til þess að senda reikning innan tilsetts tíma.

5. gr.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun eftirlitsmanna, og greiðist hún úr ríkis-sjóði.